

Minnisblað

Viðtakandi: Menningar- og lýðræðisnefnd

Efni: Upplýsingar um stöðu einstakra verkþátta og mögulegar tímasetningar þeirra í verkefninu Krakka Mosó 2025

Dags: 14. febrúar 2025

Málsnúmer: 202410207

Sendandi: Arnar Jónsson, sviðsstjóri menningar-, íprótta- og lýðheilsamála

Hér að neðan eru helstu upplýsingar um stöðu vinnu við undirbúning Krakka Mosó 2025.

Tímalína – drög til umræðu:

- 20.-28. febrúar. Gagnaöflun og vinna með undirbúningshópi.
- 4.-7. mars. Mótun tillögu um framkvæmd verkefnisins sem kynnt verði í menningar- og lýðræðisnefnd og bæjarráði.
- 11.-15. mars. Kynning verkefnis fyrir nemendum.
- 24.-28. mars. Hugmyndasöfnun.
- 9. apríl. Kosningar.

1. Undirbúningur

- Kynning verkefnis fyrir stjórnendum skóla fór fram þann 11. febrúar. Þar voru helstu þættir verkefnis reifaðir og mikill áhugi er til staðar á verkefninu á meðal skólastjórnenda og góðar umræður áttu sér stað á fundinum. Fram komu hugmyndir um hvernig unnt væri að tengja verkefnið bæði við nám á sviði lýðræðis og sköpunar.
- Fundað verður með undirbúningshópi verkefnisins í næstu viku. Þar eru fulltrúar grunnskóla, umhverfissviðs, ungmennaráð, skrifstofu umbóta og þróunar og MÍL.
- Til að hraða framkvæmd verkefnisins er nú unnið með þá lausn að útlit kynningarefnis taki mið af útliti því sem hannað var vegna verkefnisins Börnin okkar. Um er að ræða efni eins og kynningarefni, glærur/kennsluefni, veggspjöld og kjörseðla.
- Fundað hefur verið með íbúatengli Kópavogs og leitað upplýsinga hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að afla upplýsinga um nýleg samráðsverkefni hjá sveitarfélögum á Íslandi með áherslu á þau verkefni sem tengjast börnum.

2. Hugmyndasöfnun

- a. Hugmyndasöfnun. Þar eru þrjár leiðir til skoðunar. Nýta Betra Ísland lausnina sem notuð hefur verið í Okkar Mosó, nýta Monkey survey hugbúnaðinn eða vera með hugmyndakassa í skólunum. Hver leið hefur kosti og galla en í augnablikinu eru hugmyndakassarnir eftir á listanum eftir samtöl síðustu daga.
- b. Hvernig á að miðla hugmyndum sem voru valdar til kjósenda? Það þarf að vinna og ræða mjög vel með fulltrúum skólanna.

3. Úrvinnsla hugmynda

- a. Yfirferð hugmynda og könnun á kostnaði og raunhæfni verkefna. Þessi hluti yrði leiddur af starfsmönnum umhverfissviðs.
- b. Yfirlstur efnis og framsetning valkosta. Unnið af undirbúningshópi.
- c. Tryggja þarf að unnt verði að leita til eigenda hvernar hugmyndar þannig að öruggt sé að hugmynd sem fer í kosningu sé rétt skilin og afmörkuð.

4. Kosning

- a. Undirbúningur kosninga fer fram í samvinnu við skólana. Á fundi með skólastjórnendum kom fram hugmynd um að tengja verkefnið bæði við nám á sviði lýðræðis og sköpun.
- b. Kosning. Sú hugmynd sem við höfum unnið mest með er að kosninginn verði á sal í skólunum á sérstökum kjördegi, settir verði upp kjörklefar, nemendur fái í hendur kjörseðla og skili þeim í kjörkassa.
- c. Talning atkvæða. Getum skoðað að vera með einhvern viðburð í kringum það.

*Virðingarfyllt,
Arnar Jónsson*